



Keflavík íþrótt- og ungmennafélag

625. stjórnafundur þriðjudaginn 10. september 2024 kl 17:00

Mætt: Björg Hafsteinsdóttir, Sveinbjörg Sigurðardóttir, Garðar Már Newman, Eva Björk Sveinsdóttir, Jónína Steinunn Helgadóttir og Birgir Már Bragason framkvæmdastjóri.

Fjarverandi: Garðar Örn Arnarsson og Stefán Guðjónsson.

Gestir á fundinum: Petra Ruth Rúnarsdóttir og Sigurður Friðrik Gunnarsson frá svæðisskrifstofu ÍSÍ og UMFÍ.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð samþykkt.

2. Innkomin bréf

Engin innkomin bréf.

3. Send bréf

Tölvupóstur sendur á Reykjanesbæ og Öryggismiðstöðina vegna galla í brunaskynjurum í fimleikahúsinu.

Tölvupóstur sendur á Reykjanesbæ vegna beiðni um úrbætur á umferðaröryggi fyrir utan fimleikahús og Nettó höll.

4. Önnur mál

- A Kynning og þarfagreining á framtíðar íþróttamannvirkjum Reykjanesbæjar. Jón Stefán arkitekt hélt kynningu á mögulegu framtíðar íþróttasvæði vestan Nettó hallar. Fundinn sátu aðilar frá aðalstjórn Keflavíkur, knattspyrnudeild, fimleikadeild, Raffíþróttadeild og taekwondodeild. Einnig sátu fundinn fulltrúar Reykjanesbæjar, þeir Guðlaugur Sigurjónsson og Hafþór Barði Birgisson. Fínar umræður sköpuðust um verkefnið. Framkvæmdastjóri Keflavíkur situr í hagaðilanefnd sem mun gæta hagsmuna deilda félagsins. Hann mun vinna verkefnið í nánú samstarfi við deildir félagsins.
- B Forvarnir félagsins vegna aukinna hnífaárása og slagsmála. Góð umræða myndaðist um þetta mál og ákveðið að framkvæmdastjóri félagsins sendi beiðni á Reykjanesbæ um að fá fleiri öryggismyndavélar í öll æfingahús félagsins. Bæði innan- og utandyra. Birgir Már ætlar að senda formlegt bréf á Reykjanesbæ.
- C Kaup á árskortum körfuknattleiksdeildar. Samþykkt að kaupa árskort á heimaleiki körfunnar fyrir veturinn 2024-2025.
- D Formannafundur. Ákveðið að halda fund með formönnum, gjaldkerum og framkvæmdastjórum deilda. Birgir Már kannar með fimmtudaginn 26. september kl. 18:00.

5. Kynning á svæðisskrifstofu UMFÍ og ÍSÍ

Í lok fundar komu Sigurður Friðrik Gunnarsson og Petra Ruth Rúnarsdóttir og kynntu starf sitt á svæðisskrifstofu UMFÍ og ÍSÍ.

Fundi lokið kl. 19:30.

Framkvæmdastjóri boðar til næsta fundar að beiðni formanns.

Fundinn ritaði Eva Björk Sveinsdóttir